

Fundargerð 327. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 327. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 5. september 2023.

Dagskrá:

1. [Fyrirmyndarfyrirtæki](#) afhending viðurkenninga 22. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól – hvað gekk vel – hvað má betur fara.
2. [Kick off fundur](#) 29. ágúst í FlyOver Iceland kl.09:00-10:00 – Hvað gekk vel – hvað má betur fara.
3. Dagskrá Stjórnvísí send út 4. september.
4. Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
5. Haustráðstefna þriðjudaginn 3.október kl.09:00-11:00 á Grand Hótel – beint streymi.
 - a. Staðan – er allt staðfest?
6. [Lög félagsins](#) yfirfarin, [jafnréttisstefna](#) og [siðareglur](#).
7. Fréttir af faghópum.
8. Staða verkefna.
9. Önnur mál

Dags.fundar: 5.sept. 2023	Tími: 11:00-11:30	Nr. fundar: 327
Fundarboðari: SHH	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Laufey Guðmundsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín,

Fjarverandi: Auður Daníelsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir, Snorri Páll Sigurðsson, Baldur Vignir Karlsson.

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga fór fram 22. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól. Allt er klárt í Nauthól fyrir fundinn. Einungis tveimur er boðið frá hverju fyrirtæki og var 17 fyrirtækjum afhent viðurkenning. Fundarstjóri var Svanhildur Hólm framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, erindi flutti Ásta Dís Óladóttir, stjórnarformaður Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, Jón Gunnar Borgþórsson verkefnastjóri verkefnisins fyrir Stjórnvísí kynnti framkvæmd verkefnisins og tilurð og viðurkenningarnar afhentu Gunnhildur Arnardóttir Stjórnvísí og Gunnlaugur Bragi Björnsson Ví. Frábær ljósmyndari Anton Brink hljóp í skarðið fyrir Harald Thors sem forfallaðist á síðustu stundu. Mikil ánægja var með viðburðinn sem tók einungis 45 mínútur. Frábært viðtal birtist á visir.is við Svanhildi í framhaldi af afhendingunni. Hugmynd kom upp með að vekja meiri athygli á viðurkenningunum með því að deila viðurkenningarspjöldunum á vefnum sem auglýsingum t.d. á facebook og senda þau rafrænt til fyrirtækjanna.

2. **Kick off fundur** var haldinn 29.ágúst í FlyOver Iceland kl.09:00-10:00 og er þema Stjórnvísí árið 2023-2024 TENGSL. Búið var að ítreka við faghópa að senda dagskrá sína inn í Excelskjál sem er á vefnum. Þegar fundurinn var haldinn voru komnir hátt í annað hundrað viðburðir inn í skjalið og stjórnir farnar að hittast og undirbúa veturinn. Meginmarkmið þessa fundar er að stilla saman strengi fyrir veturinn, fara létt yfir mælaborð, NPS skor, siðareglur og fleira sem léttir stjórnendum lífið. Endurnýjun í stjórnnum faghópa var um 50% þetta starfsárið.
Dagskrá: 1. Formaður setti fundinn, kynnti stjórn, sagði frá vinnufundi stjórnar, þema starfsársins og áhersluverkefnum, fór yfir hlutverk, framtíðarsýn og gildi Stjórnvísí og kynnti lítillaga mælaborð félagsins. Einnig hvatti hann til þess að stjórnir nýti sér að fara saman út að borða í boði félagsins. Framkvæmdastjóri fór létt yfir dagskrá vetrararins og hlutverk stjórna faghópa, Anna Kristín varaformaður félagsins kynnti hvernig halda skal og bóka fundi. Baldur Vignir kynnti LearnCove. Síðan voru allir hvattir til að ræða saman á borðum og þá gefst öllum tækifæri til að hitta aðra faghópa á speed-date. Boðið var upp á kaffi, brauð og eitthvað sætt og gott. Því miður var fundartíminn það knappur að líttill tími gafst til tengslamyndunar. Passað verður betur upp á það næst. Einnig var ekki til staðar skjávarpi á staðnum og var honum reddað af Skjáskoti með bravör. Hátalarakerfi var ekki heldur til staðar. Mæting var góð og flugferðin stórkostleg.
3. **Fjárhagstaða Stjórnvísí.** Áætlun má alltaf skoða inn á vefnum, hún er aðgengileg stjórn og uppfærð reglulega. Áætlun ársins 2023 gerði ráð fyrir tekjuaukningu úr 30,2 millj. í 33,5 millj. af félagsgjöldum. Tekjur eru nú komnar í 32,7 millj. Öll félagsgjöld eru innheimt fyrir árið. Þrjú ný fyrirtæki hafa komið inn í haust og búast má við að áætlun standist nokkurn veginn. Kostnaðaráætlun er yfir áætlun á liðnum „rekstur tölvukerfa“ vegna innleiðingar á LearnCove.
4. **Haustráðstefna Stjórnvísí verður 3.október kl.09:00-11:00** á Grand Hótel í beinu streymi. Þema verður „Tengsl á tímum Teams.“. Dagskrá liggur fyrir:
Ráðstefnustýra: Ósk Heiða Sveinsdóttir markaðsstýra Póstsins
Dagskrá:
09:00 Formaður stjórnar Stjórnvísí Stefán Hrafn Hagalín, forstöðumaður samskipta og markaðsmála hjá Háskólanum í Reykjavík setur ráðstefnuna.

09:05 Almennatengsl eru olían á hjól atvinnulífisins - Grétar Theodórsson, sérfræðingur í almennatengslum og markaðssamskiptum hjá SPOR

09:25 Vaxtarhugarfar í gegnum aukin tengsl við starfsfólk – Ellen Ýr starfsmannastýra OR

09:45 Tengslamyndun og spjall

10:00 Fjölmenningsarsamfélagið - Anna Lotta Michaelsdóttir, Environmental, Social and Governance Data Project Manager, Sustainability & Community Engagement hjá Marel

10:20 Félagsleg tengsl á vinnustað – Viðar Halldórsson

10:40 Sálfraðileg öryggi teyma Krístrún Konráðsdóttir

11:00 Ráðstefnuslit.

Búið er að boða fyrirlesara, ráðstefnustjóra, formann og Skjáskotsmenn saman á fund þar sem allir kynna sig og fara yfir tímasetningar efni o.fl. Einnig er búið að óska eftir myndum af fyrirlesurum og staðfestingu starfstíla og erinda til að geta hafist handa við að útbúa auglýsingu. Byrjað verður að safna styrkjum í vikunni.

5. Lög félagsins, jafnréttisstefna og siðareglur yfirfarnar.

6. **Fréttir af faghópum.** Endurnýjun í formennsku hjá faghópum er 57% var 30% 2022 og endurnýjun í stjórnnum faghópanna er 30% (var 34% 2022). Hlutfall karla í stjórnnum faghópanna er 39% var 35% 2022 og kvenna 61% var 65% 2022. Hlutfall karla sem formenn er 40% var 21% og kvenna 60% var 79%. Fjöldi í stjórn er frá 2 – 11 manns. Allir faghóparnir héldu í fyrra formlegan aðalfund nema faghópur um góða stjórnarhætti og faghópur um þjónustu-og markaðsstjórnun. Nýjasti faghópurinn var stofnaður í júní. Faghópur um gervigreind. Sendur hefur verið út póstur til að hvetja alla til að setja fundi inn á vefinn.

7. Önnur mál

- LearnCove er komið í loftið og byrjað að greiða áskriftargjald 200þúsund.
 - Mikilvægt er að búa til góða innleiðingu
- Nokkur ný fyrirtæki hafa skráð sig inn nýlega í félagið.
- Búið er að ítreka við alla faghópa að setja inn fundi á vefinn.

8. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Áhersliverkefni stjórnar 2023-2024 eru fjögur.

Í hverju felast þau – hverjir eru mælikvarðarnir hvernig okkur gengur?

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísi www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Ásýnd og vöxtur** - Stefán – Baldur – Laufey – Anna Kristín
 - i. Fjölgun fyrirtækja oo
 - 1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
 - 2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
 - ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
 - iii. Fjölgun virkra félaga oo
 - iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo

- v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- vi. Fjölgun nýrra háskólanema oo
- vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- ix. Stjórnvísí sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- x. Stjórnvísí þróist í takt við við sýnbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
- xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

- **Stuðningur við stjórnir faghópa** Snorri Páll – Lilja - Ingibjörg

- i. Fjölgun viðburða oo
- ii. Fjölgun félaga á fundum oo
- iii. Aukning á virkni faghópa oo
- iv.** Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- v. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- vi.** Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- vii. Hækkun á NPS skori oo
- viii.** Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- ix.** Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- x.** Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- xi.** Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- xii.** Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
 - 1. Myndbönd
 - 2. Stafræn fræðsla

- **Útrás/ Tengsl** – Laufey – Anna Kristín - Auður

- i. Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- ii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- iii. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- iv. Fjölgun erlendra fyrirlesara

- **Stöðugar umbætur:** Baldur – Anna Kristín – Lilja - Haraldur

i. Stöðugt sé unnið að umbótum ooo

1. **NPS skor:** Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.